

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1923

2023/EES/79/40

frá 10. október 2022

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á askorbínsýru (E 300), natríumaskorbati (E 301) og kalsíumaskorbati (E 302) í túnfisk (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru askorbínsýra (E 300), natríumaskorbat (E 301) og kalsíumaskorbat (E 302) (hér á eftir nefnd „matvælaaukefnin“) sem stendur leyfð sem matvælaaukefni, m.a. í flokki 09.1.1 „óunninn fiskur“ og í flokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ eftir þörfum. Vísindanefndin um matvæli taldi notkun þeirra sem þráavarnarefni ásættanlega. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) staðfesti í vísindalegu álitinu sínu um endurmat á öryggi matvælaaukefnanna ⁽³⁾ að notkun þeirra sem matvælaaukefna skapi ekki öryggisvanda við tilgreinda notkun og notkunarmagn og að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega, daglega inntöku. Slík niðurstaða þýðir að efnið skapar mjög lítinn öryggisvanda, að fyrir hendi eru áreiðanlegar upplýsingar um bæði váhrif og eiturhrif og mjög ólíklegt er að efnið hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna í skömmtum sem valda ekki næringarójafnvægi hjá dýrum. Sem stendur er ekki mælt fyrir um tölulegt hámarksgildi fyrir þessi matvælaaukefni og þau skulu notuð í samræmi við góða framleiðsluhætti, ekki í meira magni en nauðsynlegt er til að ná þeim tilgangi sem stefnt er að og að því tilskildu að ekki sé villt um fyrir neytendum.
- 4) Þráavarnarefni eru notuð í óunninn fisk til að hægja á því að fiskholdið fái óeðlilegan lit og þráni. Í óunnum túnfiski tengja neytendur ferskleika við náttúrulega rauðan lit fersks túnfiskholds.
- 5) Afþídd hnakkastykki úr túnfiski sem eru sett á markað sem „nýr túnfiskur“, skulu vera úr túnfiski sem er frystur við lægra hitastig en - 18 °C eftir veiðar (hér á eftir nefndur „nýr túnfiskur“) en önnur afþídd hnakkastykki úr túnfiski skulu einungis notuð til niðurlagningar (hér á eftir nefndur „túnfiskur til niðurlagningar“) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁴⁾. Notkun matvælaaukefna í miklu magni í túnfisk til niðurlagningar til að koma lit fiskholdsins til fyrra horfs með tilbúnum hætti gefur tækifæri til að setja þann túnfisk með villandi hætti á markað sem nýjan túnfisk til niðurlagningar, selja hann á hærra verði, villa um fyrir neytendum varðandi afurðina og gera þá berskjaldaða fyrir áhættu á histamíneitrun.
- 6) Slík notkun matvælaaukefna uppfyllir þó ekki almenn skilyrði fyrir innfærslu matvælaaukefna og notkun þeirra í skráum Evrópusambandsins né heldur meginregluna um að notkun skuli vera eftir þörfum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 264, 11.10.2022, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(5), 4087, 124 bls.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

- 7) Í kjölfar rannsókna á matvælasvindli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ⁽⁵⁾ hafa lögbær yfirvöld greint reglulega frá tilvikum þar sem hnakkastykki úr túnfiski, sem voru seld sem nýr túnfiskur, reyndust innihalda matvælaaukefni í meira magni en þessi sömu lögbæru yfirvöld telja nauðsynleg til að ná fram dæmigerðum þráavarnarhrifum í nýjum túnfiski. Á grundvelli þessa hafa lögbær yfirvöld grun um að matvælaaukefnin séu notuð í túnfisk til niðurlagningar til að færa lit hans til fyrra horfs og setja hann á markað sem nýjan.
- 8) Þar eð það er undir lögbærum landsyfirvöldum komið að sanna að ekki hafi verið farið eftir meginreglunni um að notkun skuli vera eftir þörfum og það getur reynst erfitt hafa aðildarríkin, einkum Spánn, farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún mæli fyrir um viðeigandi hámarksgildi fyrir notkun matvælaaukefnanna sem þráavarnarefna í afþíddan túnfisk sem er seldur sem nýr túnfiskur (óunninn) eða kryddleginn túnfisk (unninn).
- 9) Í þágu réttarvissu og til að tryggja öfluga neytendavernd og góða viðskiptahætti í viðskiptum með matvæli er því rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir notkun á aukefnum í matvælaflokkum 09.11 og 09.2 í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 í túnfisk.
- 10) Hámarksgildið ætti að gera það kleift að viðhalda núverandi gildum fyrir lögmæta notkun í samræmi við góða framleiðsluhætti. Á grundvelli upplýsinga sem iðnaðurinn veitti Matvælaöryggisstofnuninni í ljósi endur mats á öryggi matvælaaukefnanna telst hámarks magnið 300 mg/kg viðeigandi. Þetta magn er mesta notkunarmagn sem greint hefur verið frá í iðnaðinum eins og skráð er í vísindalegu álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 11) Framkvæmdastjórnin hefur fengið vitneskju um rannsóknir sem gerðar voru á vegum fiskiðnaðarins og álit frá einu lögbæru yfirvaldi þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það sé nauðsynlegt að nota 900 mg/kg af matvælaaukefnum til að verjast oxun í hnakkastykkjum úr túnfiski sem eru geymd við lægra hitastig en 4 °C í 10 daga. Í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga og einkum þeirrar staðreyndar að opinbert eftirlit af hálfu nokkurra annarra lögbærra yfirvalda leiddi í ljós að unnt er að ná 10 daga geymsluþoli fyrir afþíddan túnfisk með meðhöndlun sem nemur 300 mg/kg án þess að upprunalegur litur breytist virðist þó sem magn sem nemur 300 mg/kg nægi til að ná fram æskilegum þráavarnarhrifum.
- 12) Ólíklegt er að fastsetning hámarksgilda fyrir notkun á askorbínsýru (E 300), natríumaskorbati (E 301) og kalsíumaskorbati (E 302) sem þráavarnarefni í túnfiski hafi áhrif á heilbrigði manna. Því er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 13) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- i. Í matvælaflokki 09.1.1 „Óunninn fiskur“ er eftirfarandi færslum bætt við á milli færslunnar fyrir E 302 kalsíumaskorbat og færslunnar fyrir E 315 ísóaskorbínsýra:

	„E 300	Askorbínsýra	300 mg/kg	(96)	einungis túnfiskur
	E 301	Natríumaskorbat	300 mg/kg	(96)	einungis túnfiskur
	E 302	Kalsíumaskorbat	300 mg/kg	(96)	einungis túnfiskur

96): E 300, E 301 og E 302 eru leyfð hvert fyrir sig eða í samsetningu, hámarksgildið á við um summuna sem er gefin upp sem askorbínsýra“.

- ii. Í matvælaflokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ er eftirfarandi færslum bætt við á milli færslanna fyrir E 251-252 nítröt og E 315 ísóaskorbínsýra:

	„E 300	Askorbínsýra	300 mg/kg	(96)	einungis túnfiskur
	E 301	Natríumaskorbat	300 mg/kg	(96)	einungis túnfiskur
	E 302	Kalsíumaskorbat	300 mg/kg	(96)	einungis túnfiskur

96): E 300, E 301 og E 302 eru leyfð hvert fyrir sig eða í samsetningu, hámarksgildið á við um summuna sem er gefin upp sem askorbínsýra“.